



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Samgöngur og borgarhönnun

Reykjavík, 27. apríl 2026

USK25090347

MINNISBLAÐ

Lagagrundvöllur og stjórnsýslulegt umhverfi Bílastæðasjóðs Reykjavíkurborgar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 1. október 2025 var kynnt starfsemi Bílastæðasjóðs Reykjavíkurborgar¹. Kynningin fjallaði um hlutverk sjóðsins, helstu verkefni og þróun tekna síðustu ára. Í kjölfar kynningarinnar óskaði ráðið eftir nánari skýringum á formlegum samþykktum, reglusetningu og ráðstöfun tekna Bílastæðasjóðs, einkum í samhengi við heimildir samkvæmt gildandi lögum og reglum. Tílefni minnisblaðs þessa er að svara þeirri beiðni og setja rekstur Bílastæðasjóðs í skýrt lagalegt og stjórnsýslulegt samhengi.

Bílastæðasjóður Reykjavíkurborgar starfar á grundvelli umferðarlaga nr. 77/2019². Í 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga er sveitarstjórnnum veitt heimild til að setja reglur um notkun stöðureita og gjaldtöku fyrir hana á landi í umráðum sveitarfélaga. Rekstur Bílastæðasjóðs, ákvörðun um gjaldskyld svæði og innheimta gjalda byggir á þessari lagastoð. Um merkingar stöðureita og gjaldskyldu gilda ákvæði reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 250/2024³. Reglugerðin skilgreinir m.a. hvernig gjaldskyld svæði skulu merkt og hvernig stöðubrot eru metin.

Með vísan til framangreindra lagaheimilda hefur Reykjavíkurborg sett reglur um notkun stöðureita og gjaldtöku í borginni, nr. 1401/2021⁴. Reglurnar voru samþykktar af skipulags- og samgönguráði og borgarráði og birtar í Stjórnartíðindum. Reglurnar skilgreina hlutverk og ramma um starfssemi Bílastæðasjóðs sem framkvæmdaraðila gjaldtöku fyrir notkun stöðureita og eftirfylgni með þeim, þar á meðal með hefðbundnum stöðumælum og rafrænum greiðslulausnum. Auglýsingar um gjaldskyldu á bílastæðum Reykjavíkurborgar hafa verið uppfærðar í hvert sinn sem ný gjaldskyld bílastæði bætast við, síðast í janúar 2026, nr. 112/2026⁵. Samhliða þessum reglum er fylgt sérstökum

¹ Kynning um starfsemi Bílastæðasjóðs 1.október 2025(USK25090347)

[Kynning 2025 umhverfisráð_bílastæðasjóður.pdf](#)

² Umferðarlög nr. 77/2019:

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2019077.html>

³ Reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 250/2024:

<https://island.is/reglugerdir/nr/0250-2024>

⁴ Reglur um notkun stöðureita og gjaldtöku í Reykjavíkurborg, nr. 1401/2021:

<https://island.is/stjornartidindi/nr/8c76eda0-37db-4820-b997-0c123e4eb46b>

⁵ Auglýsing um gjaldskyldu á bílastæðum Reykjavíkurborgar, nr. 112/2026:

<https://island.is/stjornartidindi/nr/c1499108-b91d-4b83-9f40-972e89f0e5cf>



Reykjavík



verklagsreglum sem gilda um verðbreytingar á gjaldsvæðum⁶ og innleiðingu nýrra gjaldsvæða⁷. Verklagsreglurnar voru unnar af stýrihópi árið 2019. Markmið þeirra er, eins og segir í reglunum sjálfum, „að framfylgja markmiðum Aðalskipulags Reykjavíkur og stuðla að fjölbreyttri notkun bílastæða í borgarlandi með því að stýra eftirspurn eftir bílastæðum og styðja þannig við þjónustuaðila, gesti og íbúa“. Tilgangurinn er að tryggja gagnsæi og vandaða málsmeðferð við breytingar á gjaldsvæðum.

Í reglum um stöðureiti kemur fram að tekjur vegna gjalda renna óskertar til Reykjavíkurborgar og heimildir Bílastæðasjóðs til samninga við þriðja aðila lúta fyrst og fremst að greiðslumiðlun, en ekki framsali réttinda yfir stöðureitum.

Reglur um bílastæðakort íbúa í Reykjavíkurborg hafa verið í gildi frá árinu 1992 en hafa síðan verið uppfærðar nokkrum sinnum. Reglurnar skilgreina skilyrði fyrir útgáfu íbúakorta, gildissvæði þeirra og þær heimildir sem kortin veita handhöfum þeirra sem og undanþágur og takmarkanir þeirra. Reglurnar voru síðast endurskoðaðar og uppfærðar árið 2025 (þáverandi reglur voru frá 2021) í ljósi reynslu af framkvæmd þeirra. Tillaga að þessum nýju reglum var birt í samráðsgátt Reykjavíkurborgar sumarið 2025 og athugasemdir sem þar bárust voru nýttar til þess að einfalda og bæta fyrirliggjandi tillögu. Nýjar reglur voru samþykktar og birtar í Stjórnartíðindum 2. desember 2025, nr. 1371/2025⁸. Sambærilegar reglur gilda um bílastæðakort fyrir rekstraraðila, nr. 1372/2025⁹, og fyrir deilibíla, nr. 1200/2025¹⁰, þar sem gildistími og skilyrði eru tímabundin og bundin við sérstakar samþykktir.

Gjaldskrá Bílastæðasjóðs er samþykkt af borgarráði og birt í Stjórnartíðindum í hvert sinn sem breytingar eru gerðar. Gjaldskráin tekur m.a. til gjalda fyrir notkun gjaldskyldra stöðureita í borgarlandi og útgáfu bílastæðakorta. Gildandi gjaldskrá var síðast uppfærð 3. desember 2025, nr. 1393/2025¹¹. Gjaldskráin tekur reglulega breytingum, meðal annars vegna breytinga á gjaldsvæðum, verðlagi og stefnumörkun borgarinnar í samgöngu- og skipulagsmálum, m.a. byggt á mati á nýtingu bílastæðanna sbr. verklagsreglur um verðbreytingar á gjaldsvæðum.

Gjaldskrá vegna stöðvunarbrota í Reykjavíkurborg er sett með heimild í umferðarlögum og staðfest af ráðherra, sbr. 109. gr. umferðarlaga um heimild til álagningar gjalda þegar

⁶ Verklagsreglur um verðbreytingar á gjaldsvæðum:

https://reykjavik.is/sites/default/files/2024-12/verklagsreglur_um_verdbreytingar_gjaldsvaeda.pdf

⁷ Verklagsreglur um innleiðingu nýrra gjaldsvæða:

https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/verklagsreglur_um_innleiðingu_nyrra_gjaldsvaeda.pdf

⁸ Reglur um bílastæðakort íbúa í Reykjavíkurborg, nr. 1371/2025:

<https://island.is/stjornartidindi/nr/578a3efd-1567-4442-9737-ea3b7bb5ca87>

⁹ Reglur um bílastæðakort fyrir rekstraraðila, nr. 1372/2025:

<https://island.is/stjornartidindi/nr/f29dbf89-61c6-477b-972d-5eb247f0472b>

¹⁰ Reglur um bílastæðakort fyrir deilibíla, nr. 1200/2025:

<https://island.is/stjornartidindi/nr/d1a3fb63-87ee-466f-8ca8-1cf9d2bcbce0>

¹¹ Gjaldskrá Bílastæðasjóðs Reykjavíkurborgar, nr. 1393/2025:

<https://island.is/stjornartidindi/nr/e2dbda07-e47b-48e7-b2a0-db4be6a404d5>





ökutæki er lagt í bága við umferðarlög og reglur um notkun stöðureita. Gildandi auglýsing um gjaldskrá vegna stöðvunarbrota er nr. 1036/2020¹². Deild bílastæðasjóðs hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur annast framkvæmd álagningar og innheimtu stöðvunarbrotagjalda í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga og þá málsmeðferð sem þar er áskilin, svo sem hvað varðar jafnræði, meðalhóf, rannsóknarskyldu og leiðbeiningarskyldu.

Gerð var grein fyrir tekjum Bílastæðasjóðs fyrir árin 2022-2024 í sérstöku minnisblaði sem lagt var fyrir fund umhverfis- og skipulagsráðs 9. apríl 2025¹³. Samkvæmt 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga er miðað við að tekjur vegna gjaldtöku fyrir notkun stöðureita standi straum af kostnaði við uppbyggingu, rekstur og viðhald bílastæða og tengdra mannvirkja þar með talið við gjaldskyldu og eftirlit. Gjöld vegna stöðvunarbrotu skulu skv. 2. mgr. 109. gr. umferðarlaga renna til samgöngumála í viðkomandi sveitarfélagi. Í framkvæmd hefur það falið í sér að tekjur Bílastæðasjóðs eru nýttar til viðhalds og reksturs gatna, bílastæða og tengdra mannvirkja, í samræmi við fjárhagsáætlanir og samþykktir borgaryfirvalda hverju sinni.

Framangreint er lýsing á þeim hluta reksturs Bílastæðasjóðs sem lítur ákveðnum lögum og reglugerðum. Til viðbótar rekur Bílastæðasjóður sjö bílahús fyrir hönd borgarinnar. Þau eru rekin á einkaréttarlegum grunni, þ.e. þar er gjald tekið fyrir afnot af stæðum í fasteign en um þá starfssemi gilda ekki sérstök lög eða reglugerðir umfram það sem áður hefur komið fram um ákvæði stjórnsýslulaga. Borgarráð samþykkti í lok árs 2023 ákveðin markmið fyrir rekstur bílahúsa sem unnið er eftir¹⁴.

Í heild sinni byggir rekstur Bílastæðasjóðs Reykjavíkurborgar þannig á skýrum lagagrundvelli, formlegum reglum og samþykktum, auk stöðugar stjórnsýslulegrar meðferðar innan ramma umferðarlaga, stjórnsýslulaga og annarra laga sem gilda um starfsemi sveitarfélaga.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir – Samgöngustjóri
Matthías Bernhöj Daðason - Deildarstjóri Bílastæðasjóðs
Umhverfis- og skipulagssvið

¹² Auglýsing um gjaldskrá vegna stöðvunarbrotu í Reykjavíkurborg, nr. 1036/2020:

<https://island.is/stjornartidindi/nr/0d218011-c37e-4f9a-bac7-6df1b3946a31>

¹³ Minnisblað: Bílastæðasjóður, sundurliðun tekna 2022, 2023 og 2024 (USK 25030337)

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/Minnisbla%C3%B0_B%C3%ADlast%C3%A6%C3%B0asj%C3%B3%C3%B0ur_Tekjur_0.pdf

¹⁴ Samþykkt borgarráðs 16. nóvember 2023 um rekstur bílahúsa (MSS23020131)

<https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/2%20Sk%C3%BDrsla%20og%20till%C3%B6gur%20um%20betri%20rekstur%20og%20afkomu%20b%C3%ADlast%C3%A6%C3%B0ah%C3%BAsa%20B%C3%ADlast%C3%A6%C3%B0asj%C3%B3%C3%B0s.%20MSS23020131..pdf>

